

Atvinnuveganefnd Alþingis

Mál 521. Umsögn um veiðistjórn grásleppu

dags: 05.02.2024

Atvinnufrelsi og atvinnuréttur: Að gefnu tilefni vegna orða sumra alþingismanna í umræðu um veiðistjórn grásleppu, þá vil ég hér minna á að atvinnuréttur er hluti atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrár.

Ef við heimfærum þetta ákvæði upp á “háttvirta” alþingismenn þá felst atvinnufrelsið í því að menn hafa rétt á því að sækjast eftir því starfi, en atvinnurétturinn felst í því að aðrir hafa ekki rétt á því að setjast í stól þingmannsins eða að setjast í stól við hlið hans og deila með honum launum hans.

Ef við víkjum síðan aftur að veiðistjórn grásleppu þá hefur atvinnufrelsið verið virkt þannig að menn hafa getað keypt grásleppuleyfi á frjálsum markaði og síðan farið í útgerð og stundað þessa atvinnu í 15 til 40 samfellda daga á ári! Telja þingmenn það uppfylla ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi? Væri kannski hugmynd að takmarka setu manna á Alþingi við 30 daga á ári og leyfa þannig fleirum að komast þar að? Atvinnuréttur manna í núverandi kerfi við grásleppuveiðar hefur heldur ekki verið tryggður þar sem fjöldi óvirkra grásleppuleyfa er slíkur að t.d. þegar markaðsaðstæður eru góðar þá hafa þessi leyfi verið virkjuð í stórum stíl og þannig verið gengið á atvinnurétt þeirra sem stunda þessa atvinnu að staðaldri og í raun skert afkomu þeirra.

Því hefur órökstutt verið haldið fram þ.m.t. af sumum alþingismönnum að þeir sem stunda þessar veiðar vilja ólmir kvótasetja og síðan selja kvótann. En það eina sem fyrirséð er að breytist að þessu leiti við hlutdeildarsetningu er að í stað þess að kaupa og selja grásleppuleyfi þá kaupa og selja útgerðir kvótahlutdeild, og ég bara spyr þegar útgerðir sem eiga grásleppuleyfi vilja ekki stunda þessar veiðar að staðaldri og margar hverjar ekki árum saman, hverjir eru það þá sem vilja kaupa þessar heimildir umfram það verð sem greitt hefur verið fyrir grásleppuleyfi hingað til?

Ýmsir hafa haldið því fram að bæta megi núverandi kerfi með tilliti til upptöku neta úr sjó og fleira, sem má til sannsvegar færa að væri til mikilla bóta, en þá vil ég minna á að sjómenn hafa kallað eftir slíkum breytingum árum og áratugum saman án nokkurs vilja stjórnvalda til breytinga.

Sökum þess hve veiði á grásleppu eru óviss frá ári til árs er það galli á kvótakerfi að handhafar heimilda þurfa að veiða 50% aflaheimildar á hverju ára sem gæti leitt til þess að bátar sem eingöngu stunda grásleppuveiðar misstu sínar heimildir. Mið hliðsjón af þessari 50% reglu þá er það og öfugsnúið að útgerðir sem ekki hafa stundað grásleppuveiðar árum saman skuli fá úthlutaðan kvóta! Og vil ég því ítreka þá skoðun mína að útgerð þurfi að hafa stundað þessar veiðar í að minnstakosti í eitt ár af síðustu þrem árum, eða vegna ómarktækt ársins 2020 í eitt ár af síðustu fimm árum. Skipting á milli svæða má hinsvegar ná yfir mun lengra tímabil.

Þó má færa rök fyrir því að þar sem hafró veit lítið sem ekkert um ástand og stofnstærð grásleppu hverju sinni að þá hafi aldrei átt að setja á ákvæði um leyfilegan heildarafla, heldur hefði átt að stjórna veiðum með veiðiálagi þ.e. með netadögum. En þar sem leyfilegur heildarafla á grásleppu er ákveðin samkvæmt lögum, þá tel ég að úr því sem komið er sé skársta leiðin fyrir þá sem veiða þennan fisk að staðaldri að veiðum sé stjórnað með hlutdeild, en kannski ekki fyrir þá sem vilja stunda þessar veiðar endrum og eins. Það er þó mikilvægt að takmörkum sé beitt t.d. með netafjölda í sjó.

f.h. Áratogs ehf

Bjarni Svanur Kristjánsson